



Kaupþingsmót 2009 – Almennar upplýsingar

<p style="text-align: center;">MIKILVÆGAST</p> <p style="text-align: center;">(Þetta verða allir að vita og kunna :-)</p> <p>Kaupþingsmót er mót fyrir byrjendur. Keppendur eru byrjendur, foreldrar eru byrjendur og dómara eru líka byrjendur. Tökum tillit til þess.</p> <p>Föstudagur er notaður til að getuskipta liðum fyrir keppni á laugardegi og sunnudegi.</p> <p>Þjálfarar, liðstjórar og foreldrar verða að fylgjast vel með skráningu úrslita á föstudegi. Niðurröðun fyrir laugardag og sunnudag byggir á úrslitum föstudags. Úrslitin verða að vera rétt skráð.</p> <p>Peir sem lenda í 1. og 2. sæti á föstudegi spila frá 13:00-17:00 á laugardegi. Peir sem lenda í 3. og 4. sæti á föstudegi spila frá 9:00-13:00 á laugardegi</p> <p>Byrjendur þurfa að fá að læra af mistökum. Hjálpumst að, þá gengur allt betur.</p>	<p style="text-align: center;">FARARSTJÓRAR</p> <p>Móttaka greiðslu og afhending armbanda verður í bikarherbergi Íþróttamiðstöðvarinnar föstudaginn milli kl. 12:30 og 14:30.</p> <p>Fararstjórafundir verða haldnir í sal á efri hæð Íþróttamiðstöðvarinnar föstudag kl. 10:30, föstudagskvöld kl. 22:30 og laugardag kl. 21:30. Gengið er inn að sunnanverðu frá aðalleikvangi.</p> <p>ALLIR óskilamunir verða settir í Íþróttasal</p> <p>Úrslit leikja og skipulag eru birt í glugga á mótshúsi.</p> <p>Mikilvægt er að allir í hverju liði mæti saman í mat.</p> <p>Liðstjórar verða að fylgjast mjög vel með skráningu úrslita á föstudegi og tilkynna strax ef skráning úrslita er röng.</p>
<p style="text-align: center;">MATUR</p> <p>Matur er framreiddur í Íþróttasal Íþróttamiðstöðvar. (og morgunverður í Brekkubæjarskóla). Gengið er inn í Íþróttamiðstöðina að norðanverðu.</p> <p style="text-align: center;">Föstudagur:</p> <p>Kvöldmatur kl.: 17:30 - 19:30 Kjötbollur með brúnni sósu, kartöflum, hrásalati og rabbabarasultu.</p> <p style="text-align: center;">Laugardagur:</p> <p>Morgunverður: kl.: 07:30 - 09:00 (bæði í Íþróttasal og í Brekkubæjarskóla)</p> <p>Hádegisverður kl.: 11:30 - 13:30 Fiskibollur með kartöflum, hrásalati og kokteilsósu</p> <p>Kvöldmatur kl.: 17:00 - 19:00 Kjúklingabitar með steiktum kartöflum, hrásalati og kokteilsósu</p> <p style="text-align: center;">Sunnudagur:</p> <p>Morgunverður: kl.: 07:30 - 09:00 (bæði í Íþróttasal og í Brekkubæjarskóla)</p> <p>Grill kl.: 11:00 - 13:00 Grillpýlsur (Við Grundarskóla)</p>	<p style="text-align: center;">FORRÁÐAMENN</p> <p>Hægt er að kaupa matarpakka sem gildir í morgunmat, hádegismat og kvöldmat á meðan mótí stendur. Matarpakinn kostar 4.000 kr. fyrir börn 3.000 kr.</p> <p>Foreldrar geta einnig keypt staka matarmiða og er verð þeirra sem hér segir: Morgunverður: 600 kr., Hádegis- og kvöldverður: 1000 kr. fyrir börn : 700 kr.</p> <p>Matarmiðar og -pakkar eru seldir í matsal á matartímum.</p> <p>Grillveisla fyrir þátttakendur verður við Grundarskóla sunnudaginn kl. 11:00. Foreldrar eru velkomnir og geta keypt miða í grillveisluna sem kostar 600 kr. Miðar eru seldir í sölutjaldi.</p> <p>Foreldrakaffi: Foreldrar allra karla og kvennaflokka ÍA sameinast um að bjóða öllum foreldrum þátttakenda til kaffi- og kökuveislu laugardagskvöldið kl. 22:00. Foreldrakaffið verður í Íþróttasal Íþróttamiðstöðvarinnar.</p> <p>Kaffið er eingöngu fyrir foreldra!</p>
<p style="text-align: center;">GISTING</p> <p>Gisting keppenda er í Grundarskóla og Brekkubæjarskóla. Mjög gott er ef lið koma sér fyrir á gististöðum áður en skrúðganga hefst.</p>	<p style="text-align: center;">BÍLASTÆÐI</p> <p>Bílastæði verða við Íþróttamiðstöðina. Ekki er heimilt að leggja bílum á grasið, nota skal stæðin við Íþróttamiðstöð. Starfsmönnum mótsins verður einum leyft að aka bílum á Innnesvegi við keppnissvæði.</p>

ALLIR MEÐ BROS Á VÖR !! OG GÓÐA SKAPIÐ !!

Allar upplýsingar eru á <http://kaupthingsmot.blog.is/>. Fyrirspurnir skulu sendar í tölvupósti á kaupthingsmot@ia.is

DAGSKRÁ

Föstudagur

- 7:30 - 10:00 Mæting á gististaði
- 10.30 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð
- 11.00 Mæting í skrudgöngu hjá Bæjarskrifstofum.
- 11.15 Skrudganga frá Bæjarskrifstofum að Akraneshöll
- 12.00 Mótssetning í Akraneshöll
- 13.00 Keppni í Kaupþingsmóti hefst
- 19.00 Keppni dagsins lýkur
- 22.30 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð

DAGSKRÁ

Laugardagur

- 09.00 Keppni 2.mótdagsins hefst
- 17.00 Keppni dagsins lýkur
- 20:00 Kvöldskemmtun inn í Akraneshöll
- 21.30 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð
- 22.00 Foreldrakaffi í íþróttasal, í boði foreldra UKÍA

Sunnudagur

- 09.00 Síðasta umferð allra deilda hefst
- 11.00 Keppni dagsins lýkur
- 13:00 Verðlaunaafhending og mótsslit í Akraneshöll

TJALDSTÆÐI

Tjaldstæði fyrir gesti Kaupþingsmótsins er á grasflöt við Byggðasafnið að Görðum. Verð á tjaldsvæði er 3000 kr. á hvert tjald/hjólhýsi/fellihýsi fyrir helgina.

Viðbúið er að tjaldsvæði mótsins dugi ekki og er því bent á frábæra aðstöðu á tjaldstæði Akranesbæjar, vestan við Olís.

Ekki er heimilt að tjalda á lóðinni við Grundaskóla.


Vinsamleg tilmæli eru svo um að gestir á tjaldsvæði virði almennar umgengisreglur og njóti þess að eyða helginni í faðmi fjölskyldunnar og fylgjast með keppni barna sinna **án neyslu áfengis.**

UMGENGNI

Reyklaust svæði: Keppnissvæði og gististaðir þátttakenda eru algjörlega reyklaus. Eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að virða það.

STRÆTÓ

Á laugardegi gengur strætó gengur á milli móstssvæðis og Brekkubæjarskóla eftir þörfum. Á föstudegi gengur hann skv. venjubundinni áætlu sinni. Hann stoppar við Íþróttamiðstöð 12 mín yfir heilan og hálfan tíma og við Brekkubæjarskóla 26 mín yfir heilan og hálfan tíma. Frítt er í strætó alla helgina.



ALLIR MEÐ BROS Á VÖR !! OG GÓÐA SKAPIÐ !!

Allar upplýsingar eru á <http://kaupthingsmot.blog.is/>. Fyrirspurnir skulu sendar í tölvupósti á kaupthingsmot@ia.is